



— *Gakktu í beiðni!* —  
**Menningarnótt**  
**20.08.2016**  
**WWW.MENNINGARNOTT.IS**

Sælir gestir Menningarnætur!

Nú er Menningarnótt á næsta leiti og undirbúningur stendur sem hæst. Það stefnir allt í afar viðburðaríka, fjölbreytta og skemmtilega dagskrá sem borgarþátttakar hafa lagt mikið á sig til að skapa saman og vonast er til að höfði til sem flestra.

Langar aðstandendum Menningarnætur að koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri:

## **Bílastæði fyrir hreyfihamlaða**

Bílastæði fyrir hreyfihamlað fólk eru staðsett á eftirfarandi stöðum

- Skúlagötu
- Við Tækniskólann
- Neðst á Túngötu (við hornið á Suðurgötu)

Þessi bílastæði eru eingöngu fyrir P merkta bíla og verða auglýst sem slík.

## **Aðgengi inn á hátíðarsvæði**

Miðborgin er lokað allri bílaumferð nema fyrir þá sem hafa til þess leyfi, en þó með ákveðnum takmörkunum. Mannaðar lokanir eru á þó nokkrum stöðum en veita þeim bílum aðgengi sem eru með P-merki fyrir hreyfihamlaða.

**Staðsetning mannaðra lokanna eru eftirfarandi:**

- Sæbraut/Snorrabraut (nota ef nýta á bílastæði v/ Skúlagötu)
- Eiríkgata/Snorrabraut (nota ef nýta á bílastæði v/ Tækniskólann)
- Túngata/Garðastræti **aðeins innakstur** (nota ef nýta á bílastæði v/ Túngötu)
- Túngata/Ægisgata (nota ef nýta á bílastæði v/ Túngötu)
- Geirsgata/Ægisgata kl. 18-22. Fyrir P merkta bíla sem eru að aka fólki í Listasafn Reykjavík, Hafnarhúsið í *Hjólaladiskó* (ekki hægt að leggja).

## Ferðaþjónusta fatlaðra

Tekin hafa verið frá 3 stæði í borginni fyrir ferðaþjónustuaðila og er **Ferðaþjónusta fatlaðra** heimilt að nýta þau. Stæðin eru ekki ætluð til að leggja í heldur einungis til þess að taka á móti og skila af sér farþegum.

**Stæðin eru á eftirfarandi stöðum.**

- Við Hallgrímskirkju
- Við Túngötu (við Landakotskirkju)
- Við Skúlagötu

## Salernisaðstaða

**Salerni fyrir hreyfihamlaða eru staðsett á eftirfarandi stöðum.**

- Á horni Bergþórugötu og Frakkastígs
- Hverfisgötu 23 (við Lýðveldisgarð)
- Í Hljómskálagarði
- Í Ráðhúsinu – opið til kl. 18.00.
- Í Hörpu – opið til kl. 23.00.
- Í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi – opið til kl. 23.00.
- Listasafni Íslands – opið til kl. 22.00.
- Sjóminjasafnið/Víkin – opið til kl. 22.00.

Góða skemmtun!

Guðmundur Birgir Halldórsson og Björg Jónsdóttir  
Viðburðardeild Höfuðborgarstofu

# Hátíðarkort

Götulokanir gilda frá 07.00 - 02.00

Aðsetur lögreglu, slökkviliðs, björgunarsveita og týndra barna á bakvið Alþingishúsið

Hafnarvæði lokað meðan á Flugeldasýningu stendur

-  **Upplýsingar:**  
Þjónustusími 411-1111  
er opin frá kl. 8-23  
Aðalstræti 2 kl. 8-20
-  **Bílastæðahús**  
opin kl. 07-01
-  **Bílastæði hreyfihamlaðra**
-  **Möguleg bílastæði**
-  **Akstur bannaður á hátíðarsvæði**
-  **Akstur leyfður út af hátíðarsvæði**
-  **Strætó ekur að og frá Hlemmi og Gömlu Hringbraut (BSÍ). Strætóskutlur aka til og frá bílastæðum við Kirkjusand um Borgartún að Hallgrímskirkju frá 07.30 - 01.00.**
- Nánari upplýsingar á [menningarnott.is](http://menningarnott.is) og á [straeto.is](http://straeto.is)

